




2019

Skýrsla Ytra mat á grunnskólastarfi Nám og kennsla Grandaskóli



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Ytra mat í Grandaskóla í nóvember 2019

Kafli 2: Nám og kennsla

Kafli 2 um nám og kennslu er hluti af gæðaviðmiðum um skólastarf sem má nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir vefslóðinni [mat á skólastarfi](#).

Ritun skýrslu:

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Arnar Ævarsson

Arnheiður Helgadóttir

Dröfn Rafnsdóttir/Helga Ágústsdóttir/Sigrún J. Baldursdóttir (MML)

Guðrún Edda Bentsdóttir

Halla Magnúsdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Ásgeir Björgvinsson (Lesskimun og Talnalykill, fylgiskjal 4)

Sara Björg Ólafsdóttir (samantekt kennslustunda, fylgiskjal 3)

Rekstrarniðurstaða:

Haukur Viðar Alfreðsson (fylgiskjal 5)

Ljósmyndir á forsíðu: af heimasíðu Grandaskóla

INNGANGUR	5
GRANDASKÓLI – YFIRLIT NIÐURSTAÐNA YTRA MATS Í NÓV. 2019.	6
GRANDASKÓLI.....	7
SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í GRANDASKÓLA.....	8
NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT	10
INNTAK OG NÁMSSKRÁ	10
ÁRANGUR NÁMS	10
GÆÐI KENNSLU	11
SKIPULAG NÁMS.....	11
NÁMSVITUND.....	12
ÁBYGÐ OG ÞÁTTTAKA	12
FYLGISKJÖL	13
Fylgiskjal 1: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar	14
Fylgiskjal 2: Vettvangsathugun, gátlisti matsaðila	15
Fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir í 34 kennslustundir í Grandaskóla.	17
Fylgiskjal 4: Niðurstöður kannana og skimana í Grandaskóla.....	21
Samræmd könnunarpróf.....	21
Lesskimun.....	22
Milli mála, málskilningspróf	23
Talnalykill	23
Skólapúlsinn, nemendakönnun.....	25
Fylgiskjal 5: Rekstrarniðurstaða Grandaskóla 2015-2018.....	27

Myndir:

Mynd 1: Litakóði, niðurstöður ytra mats í Grandaskóla.	6
Mynd 2: Mat á 34 kennslustundum í Grandaskóla	17
Mynd 3: Hafa nemendur val um verkefni?	18
Mynd 4: Hafa nemendur val um útfærslu verkefna?.....	19
Mynd 5: Einstaklings- eða samvinna í 34 kennslustundum.	19
Mynd 6: Notkun í upplýsingatækni í 34 kennslustundum.....	19
Mynd 7: Eru markmið kennslustundar sýnileg, í 34 kennslustundum.	20
Mynd 8: Eru markmið kennslustundar kynnt, í 34 kennslustundum.	20
Mynd 9: Lýsing kennsluhátta, fræðandi, leiðbeinandi eða blanda.	20
Mynd 10: Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Grandaskóla í 4. bekk árin 2015-2018.....	21
Mynd 11: Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Grandaskóla í 7. bekk árin 2015-2018.....	21
Mynd 12: Hlutfall nemenda í Grandaskóla og Reykjavík 2015-2019 sem geta lesið sér til gangs.	22
Mynd 13: Hlutfall nemenda í Grandaskóla og Reykjavík eftir árangri í Lesskimun.	23
Mynd 14: Meðaltöl í Grandaskóla borin saman við árangur skólans í skimuninum 2016-2017.....	24
Mynd 15: Meðaltöl í Grandaskóla borin saman við árangur skólans í skimuninum 2016-2017.....	24

Töflur:

Tafla 1: Litakvarði.	6
Tafla 2. Mat á 34 kennslustundum.....	17
Tafla 3. Kennsluaðferðir notaðar í 34 kennslustundum.....	18
Tafla 4: Niðurstöður Skólapúlsins fyrir 6.-7. bekk 2019.	25

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður ytra mats í Grandaskóla sem fór fram í lok nóvember 2019. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Matsteymið var skipað sérfræðingum frá tölfræði- og rannsóknþjónustu, grunnskólahluta fagskrifstofu, Miðju máls og læsis, mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs og kennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Árbæjar.

Ákveðið var af framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs að Grandaskóli yrði einn af þeim skólum sem færu í ytra mat skólaárið 2019-2020. Gagna var aflað með vettvangsathugunum, rýnihópum og viðtölum en auk þess var farið yfir ýmis gögn skólans, niðurstöður kannana og skimana.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er rýnihópaviðtöl, vettvangsathuganir, kannanir og gagnaskoðun, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Árið 2018 voru ný og endurskoðuð matsviðmið tekin í notkun hjá Menntamálastofnun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum, láta matið auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum. Reykjavíkurborg tók þátt í endurskoðun viðmiðanna og tók í framhaldi ákvörðun um að nota viðmiðin við ytra mat á skólum í Reykjavík frá og með hausti 2019, en meta eingöngu kafla um nám og kennslu, kafla 2. Grandaskóli er annar skólinn í Reykjavík til að vera metin út frá nýjum [viðmiðum](#). Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi.

Nýr litaskali var gerður með nýjum viðmiðum. Þess vegna eru prófilar skóla ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2014 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Tafla 1: Litakvarði.

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 - 4,0 A		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 - 3,5 B		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 - 2,5 C		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 - 1,5 D		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

GRANDASKÓLI – YFIRLIT NIÐURSTAÐNA YTRA MATS Í NÓV. 2019.

Niðurstöður ytra mats fyrir Grandaskóla Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námssvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Mynd 1: Litakóði, niðurstöður ytra mats í Grandaskóla.

GRANDASKÓLI

Grandaskóli við Keilugranda hóf starfsemi sína haustið 1986. Samkvæmt heimasíðu eru áherslur skólans: Jákvæðni – Ábyrgð – Vellíðan – Árangur og hefð er fyrir öflugri kennslu í list- og verkgreinum ásamt tónmennt. Nálægð við hafið og fjöruna skapar auk þess sérstöðu Grandaskóla.

Skólaárið 2019-2020 eru nemendur um 360 í 1.-7. bekk í 18 bekkjardeildum.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:							
Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
Fjöldi nemenda	50	54	58	68	43	32	52
Fjöldi bekkjardeilda	3	3	3	3	2	1	3

Starfsmenn Grandaskóla voru 58 talsins í 46 stöðugildum þegar matið fór fram¹. Tveir stjórnendur eru í skólanum, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Grunnskólakennarar eru 33, þar af starfa þrír verkefnisstjórar, ein verkefnisstjóri sérkennslu, einn verkefnisstjóri bekkjarstarfs og einn verkefnisstjóri upplýsingatæki. Auk þess eru þrír sérkennara, þar af einn sem heldur utan um málefni nemenda af erlendum uppruna. Í skólanum starfa þrír leiðbeinendur með aðra háskólamenntun en grunnskólakennarafræði. Aðrir uppeldisfræðimenntaðir eru þroskaþjálfari og náms- og starfsráðgjafi auk félagsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings. Í skólanum eru 6 stuðningsfulltrúar í 4 stöðugildum og aðrar starfsstéttir eru 9 í 8,5 stöðugildum; skólaliðar, skrifstofustjóri, umsjónarmaður skólahúsnæðis og matráður.

¹ Upplýsingar fengnar úr launakerfi Reykjavíkurborgar, nóvember 2019

STYRKLEIKAR.

Samskipti í skólasamfélagi Grandaskóla eru vinsamleg og borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg í vettvangsathugunum, skipulag kennslu og verkefna var gott og námstími nemenda vel nýttur. Hefð er fyrir teymiskennslu í Grandaskóla, kennarar vinna þétt saman innan árganga og vilji er til þess að auka samstarf enn frekar. Mikil ánægja er með að skólinn sé með skólafélagsráðgjafa.

Kennarar eru öryggir í störfum sínum og þeir sýndu fagmennsku og kennslufræðilega hæfni í kennslustundum sem heimsóttar voru. Nemendur voru almennt áhugasamir um nám sitt, þeim var oftast gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna og markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum. Almenn ánægja er meðal foreldra á kynningu á námi í upphafi skólaárs.

Nemendur vinna að fjölbreyttum og samþættum verkefnum og umræður og skoðanaskipti eru hluti af námi og kennslu. Samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað og notað í námi og kennslu og bekkjarafundir eru fastir liðir á stundatöflu nemenda. Námsumhverfi er hvetjandi og aðlaðandi og það er nýtt á fjölbreyttan hátt auk þess sem grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfinu. Námsgögn eru fjölbreytt og nemendur hafa góðan aðgang að þeim. Matsaðilar mátu kennslustundir flestar góðar og nokkrar frábærar.

Árangur nemenda skólans er góður í könnunum sem nemendur taka þátt í og í viðhorfskönnun Skólapúlsins hjá nemendum í 6.-7. bekk voru fjórir þættir marktækt hærrí í Grandaskóla en öðrum skólum; vellíðan nemenda, gott samband við kennara, agi í tímum og tíðni leiðsagnarmats. Markvisst er unnið með niðurstöður einseltiskönnunnar í tengslum við Olweusarverkefnið.

Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum og nemendalýðræði og raddir nemenda fá gott rými í skólastarfinu. Það er gert með bekkjarfundum, í gegnum nemendafélagið, skóla- og réttindaráð, með könnun Skólapúlsins og með eineltiskönnun sem markvisst er unnið með. Nemendur sem voru í rýnihópum sögðust vita hvaða áhrif þeir geta haft í skólastarfinu og gátu nefnt dæmi um það.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Birta ætti skólanámskrá með öllum þáttum sem tilgreindir eru í aðalnámskrá, m.a. gera betur grein fyrir hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda og tengsl grunnþáttanna við nám og kennslu. Einnig ætti að birta í náms- og kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun skuli háttáð með einstaklingsmiðun að leiðarljósi og tryggja að í einstaklingsnámskrám sé skráð á ítarlegan hátt hvernig tilhögun stuðnings er háttáð. Nemendur sem þurfa stuðning og foreldrar þeirra ættu að vera með í ráðum um námsmarkmið. Kynna ætti heildaráætlun um stuðning fyrir öllu starfsfólki skólans og stuðningur við einstaka nemendur, þ.m.t. fjöltyngd börn, þarf að vera skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá innan ramma bekkjarnámskrár.

Tryggja þarf að niðurstöður allra kannana/skimana séu kynntar hagsmunaaðilum og leggja ætti áherslu á að unnið sé markvisst með niðurstöður allra kannana.

Auka ætti þátttöku allra nemenda við að vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengd hæfni og skipuleggja nám sitt. Auk þess ætti að leggja meiri áherslu á að kynna öllum nemendum viðmið um árangur. Huga þarf að því að setja upplýsingar og umræður réttindaráðs á heimasíðu skólans svo þær séu öllum nemendum aðgengilegar. Sóknarfæri eru í að efla notkun upplýsingatækni í námi nemenda og setja ætti fram hvernig komið er til móts við bráðgera nemendur.

NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um inntak og námskrá, árangur náms, gæði kennslu, skipulag náms, námsvitund og ábygð og þátttöku.

Hér á eftir eru styrkleikar og tækifæri til umbóta úr niðurstöðum ytra mats í Grandaskóla. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.²

INNTAK OG NÁMSSKRÁ

STYRKLEIKAR

- Samskipti í skólasamfélaginu einkennast af virðingu og vinsemd.
- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda.
- Almenn ánægja er meðal foreldra á kynningu á námi í upphafi skólaárs.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Birta ætti skólanámskrá með öllum þáttum sem tilgreindir eru í aðalnámskrá.
- Gera betur grein fyrir hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda.
- Gera betur grein fyrir tengslum grunnþáttanna við nám og kennslu.
- Setja ætti fram í náms- og kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun skuli háttað með einstaklingsmiðun að leiðarljósi.
- Kynna ætti heildaráætlun um stuðning fyrir öllu starfsfólki skólans.
- Stuðningur við einstaka nemendur, þ.m.t. fjöltyngd börn, þarf að vera skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá.

ÁRANGUR NÁMS

STYRKLEIKAR

- Árangur nemenda skólans er góður í könnunum sem nemendur taka þátt í.
- Í viðhorfskönnun Skólapúlsins hjá nemendum í 6.-7. bekk voru fjórir þættir marktækt hærri í Grandaskóla en öðrum skólum; *velliðan nemenda, gott samband við kennara, agi í tímum og tíðni leiðsagnarmats*.
- Markvisst er unnið með niðurstöður einseltiskönnunar í tengslum við Olweusarverkefnið.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Tryggja þarf að niðurstöður allra kannana/skimana séu kynntar hagsmunaaðilum.
- Leggja ætti áherslu á að unnið sé markvisst með niðurstöðurnar allra kannana.

² https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/gaedavidmid_grunnskola_2019.pdf

GÆÐI KENNSLU

STYRKLEIKAR

- Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg í vettvangsathugunum.
- Kennslustundir voru flestar metnar góðar og nokkrar frábærar.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.
- Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.
- Námsumhverfi var hvetjandi og aðlaðandi.
- Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum.
- Í áætlunum er gerð grein fyrir tengslum markmiða kennslu við aðalnámskrá.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Setja fram hvernig komið er til móts við bráðgera nemendur.
- Leggja meiri áherslu á að kynna öllum nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur.
- Tryggja að í einstaklingsnámskrám sé skráð á ítarlegan hátt hvernig tilhögun stuðnings er háttað.

SKIPULAG NÁMS

STYRKLEIKAR

- Kennarar vinna þétt saman innan árganga og vilji er til þess að auka samstarf enn frekar.
- Mikil ánægja er með að skólinn sé með skólafélagsráðgjafa.
- Nemendur vinna markvisst að samþættum verkefnum.
- Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notaðar sem hluti af námi og kennslu.
- Samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað og notað í námi og kennslu.
- Bekkjarafundir eru fastir liðir á stundatöflu nemenda.
- Námsumhverfi nemenda er nýtt á fjölbreyttan hátt.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfinu.
- Námsgögn eru fjölbreytt og nemendur hafa góðan aðgang að þeim.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Sóknarfæri eru í að efla notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi nemenda.

NÁMSVITUND

STYRKLEIKAR

- Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og námstími vel nýttur.
- Markmið eru sett fyrir kennslustundir og viðfangsefni.
- Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Auka þarf þátttöku allra nemenda við að vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengd hæfni og skipuleggja nám sitt.
- Nemendur sem þurfa stuðning og foreldrar þeirra ættu að vera með í ráðum um námsmarkmið.

ÁBYGÐ OG ÞÁTTTAKA

STYRKLEIKAR

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.
- Nemendalýðræði og raddir nemenda fá rými í skólastarfinu t.d. með bekkjarfundum, í gegnum nemendafélagið, skóla- og réttindaráð, könnun Skólapúlsins og Olweusar eineltiskönnun.
- Nemendur vita hvaða áhrif þeir geta haft og gátu nefnt dæmi um það.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Huga þarf að því að setja upplýsingar og umræður réttindaráðs á heimasíðu skólans svo þær séu öllum nemendum aðgengilegar.

FYLGISKJAL 1: VIÐMIÐ UM MAT Á GÆÐUM KENNSLUSTUNDAR

Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.


FYLGISKJAL 2: VETTVANGSATHUGUN, GÁTLISTI MATSAÐILA

Vettvangsathugun – gátlisti	Skóli
Matsaðili:	
Bekkur:	Dags./vikud.:
Námsgrein:	Kl.(upphaf-lok)
Kennari:	Fjöldi nemenda í stundinni:
Aðrir starfsmenn:fjöldi/hlutverk	Fjöldi nemenda í sérúrræði:
Kennsluhættir: Innlögn, verkefnavinna, þemavinna, verklegt, sköpun og tjáning, tilraunir, markviss samvinna, sjálfstæð vinna/eigið val, bekkjarfundur.	Samvinna: Einstaklingsvinna: Nemendur nota UT: Kennari notar UT:
Nemendur hafa val um verkefni:	Námsmarkmið eru gerð sýnileg:
Nemendur hafa val um útfærslu verkefnis:	Námsmarkmið eru kynnt:
Kennslustundin er: fræðandi __ leiðbeinandi __ blanda __	
<p>Fræðandi kennslustund: Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn.</p> <p>Leiðbeinandi: Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda Áhersla er á námsferlið sem leið til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.</p>	
Skipulag kennslustofunnar	
Sætaskipan/uppröðun	
Hvað er á veggjum/töflunni/ reglur sýnilegar	
Tölvur og tækni	
Kennslugögn	
Staðsetning kennarans	
Aðrir starfsmenn/virkni þeirra	
Annað	
Framvinda kennslustundarinnar	
Upphaf kennslustundar: <i>Hvernig er tekið á móti nemendum? Er heilsað? Nafnakall ?</i>	
Kennslustundin er vel undirbúin	
Kveikja/ áhugi vakinn	
Tíminn er vel nýttur (nemendur virkir á 5 mín.)	
Kennarinn dregur saman í lokin	
Kennslustund lýkur formlega	
Markmið, mat og endurgjöf	
Hver eru markmið stundarinnar?	
Nemendur þekkja markmiðin	
Viðmið um árangur eru sýnileg	
Nemendur fá leiðbeinandi endurgjöf (leiðsagnarmat)	
Námsmat er fjölbreytt	
Sjálfsmat og/eða jafningjamat	
Skriflegt mat kennara kemur fram í vinnubókum eða annarsstaðar	

Samskipti og samstarf			
Fjölbreytileikinn er virtur			
Samskipti nemenda er jákvæð			
Gagnkvæm virðing ríkir fyrir öllum			
Samvinna er markvisst þjálfuð			
Vinnufriður			
Markviss bekkjarstjórnun			
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun			
Kennslan er skipulögð til að mæta ólíkum þörfum nemenda			
Nemendur hafa val			
Verkefnin eru krefjandi			
Verkefnin eru heildstæð og samþætt			
Allir nemendur eru virkir			
Kennsluhættir hæfa verkefnum			
Kennsluhættir eru fjölbreyttir			
Nemendur þjálfast í sjálfstæði			
Nemendum er kennt að setja sér markmið			
Nemendur nýta sér mismunandi leiðir í náminu m.a. upplýsingatækni			
Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri			
Tíminn sem nemendur fá til að tjá sig um námið er ekki minni en tími kennarans			
Námsaðlögun			
Kennslan er löguð að stöðu nemenda			
Verkefnin eru í samræmi við námsmarkmið hvers og eins			
Nám tekur mið af áhuga og hæfni nemenda			
Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum			
Nemendur geta valið sér námsaðferðir			
Grunnþættir menntunar skv. aðalnámskrá eru sýnilegir			
Læsi			
Sjálfbærni			
Heilbrigði og velferð			
Lýðræði og mannréttindi			
Jafnrétti			
Sköpun			
Tvö atriði sem eru vel gerð og eitt sem má bæta:			
Frábær	Góð	þarf að bæta	Óviðunandi

FYLGISKJAL 3: VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í 34 KENNSLUSTUNDIR Í GRANDASKÓLA.

Matsaðilar fóru í 34 kennslustundir og notuðu viðmið um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1) með gátlista (fylgiskjal 2) við matið. Metið var hvernig val á verkefnum fór fram, hvaða kennsluaðferðir voru notaðar, hvort nemendur unnu einstaklingslega eða í samvinnu, hvort upplýsingatækni var notuð, hvort markmið voru kynnt nemendum í kennslustundinni eða gerð sýnileg og hvernig kennslustundin var metin í heildina. Einnig var í skráð hvort kennslustundin hafi verið fræðandi, leiðbeinandi eða blanda af báðum³.



Mynd 2: Mat á 34 kennslustundum í Grandaskóla miðað við 1.381 kennslustundir í öðrum skólum árin 2009-2017.


Tafla 2. Mat á 34 kennslustundum.

Mat á kennslustundum	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	8	24%
Góð	22	65%
Þarf að bæta	3	8,5%
Ekki metin	1	2,5%
Samtals	34	100%


³ **Fræðandi kennslustund:** Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. **Leiðbeinandi:** Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda. Áhersla er á námsferlið sem leið til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifkraftur námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

Tafla 3. Kennsluaðferðir notaðar í 34 kennslustundum.


Kennsluaðferðir	Fjöldi	Hlutfall
Verkefnavinna	20	59%
Innlögn	15	44%
Sköpun	12	35%
Verklegt	11	32%
Sjálfstæð vinna	9	26%
Markviss samvinna	8	24%
Tjáning	5	15%
Þemavinna	4	12%
Eigið val	3	9%
Tilraunir	2	6%
Bekkjarfundur	2	6%
	91	268%




Mynd 3: Hafa nemendur val um verkefni?




Mynd 4: Hafa nemendur val um útfærslu verkefna?




Mynd 5: Einstaklings- eða samvinna í 34 kennslustundum.




Mynd 6: Notkun í upplýsingatækni í 34 kennslustundum.



Mynd 7: Eru markmið kennslustundar sýnileg, í 34 kennslustundum.



Mynd 8: Eru markmið kennslustundar kynnt, í 34 kennslustundum.




Mynd 9: Lýsing kennsluhátta, fræðandi, leiðbeinandi eða blanda.


FYLGISKJAL 4: NIÐURSTÖÐUR KANNANA OG SKIMANA Í GRANDASKÓLA.

SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Árangur Grandaskóla hefur verið góður í samræmdum könnunarprófum síðast liðin ár en skólinn hefur oftast verið yfir landsmeðaltali að því undanskildu að árið 2017 fór árangur nemenda í stærðfræði undir landsmeðaltal á yngsta stigi og árið 2016 á miðstigi. Árangur miðstigs hefur verið hærri en árangur yngsta stigs miðað við landsmeðaltal og árið 2018 og 2019 var árangur nemenda í stærðfræði vel yfir landsmeðaltali (mynd 10 og 11).



Mynd 10: Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Grandaskóla í 4. bekk árin 2015-2018.




Mynd 11: Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Grandaskóla í 7. bekk árin 2015-2018.

LESSKIMUN

Lesskimun var lögð fyrir í apríl 2019 og í Grandaskóla svöruðu 54 nemendur.


Niðurstöður fyrir alla skóla í Reykjavík eru þær að 820 nemendur af 1.350, eða tæp 61% nemenda, ná a.m.k. 65% árangri á lesskimunarprófinu. Þessir nemendur teljast því samkvæmt skilgreiningu geta lesið sér til gagns. Nemendur sem ekki ná 65% árangri á prófinu eru 530 eða rúm 39%. Í Grandaskóla geta 41 nemendur af 54, eða 76%, lesið sér til gagns. Samkvæmt skimuninni geta um 62% stúlkna og 59% drengja í Reykjavík lesið sér til gagns. Í Grandaskóla geta 78% stúlkna og 74% drengja lesið sér til gagns.

Mynd 12 sýnir hlutfall nemenda í Grandaskóla árin 2015 til 2019 sem geta lesið sér til gagns, borið saman við hlutfall nemenda í Reykjavík.



Mynd 12: Hlutfall nemenda í Grandaskóla og Reykjavík 2015-2019 sem geta lesið sér til gagns.

Á mynd 13 má sjá árangur í lesskimun í Grandaskóla árin 2019 og 2018 ásamt árangrinum í Reykjavík árið 2019. Hér sjást hlutföll nemenda eftir því hvort þeir geta lesið sér til gagns, séu við það að ná tókum á lestrinum eða þurfa líklega á sérstökum stuðningi að halda.




Mynd 13: Hlutfall nemenda í Grandaskóla og Reykjavík eftir árangri í Lesskimun.

MILLI MÁLA, MÁLSKILNINGSPRÓF

Milli mála er málskilningspróf sem lagt er fyrir nemendur í 1.-7. bekk sem eru með annað móðurmál en íslensku. Alls komu 30 nemendur út á rauðu sem gefur til kynna að þeir eru í verulegum vanda með orðaforða þess námsefnis sem þeir vinna með inn í bekk, 13 nemendur komu út á gulu, sem þýðir að þeir eru einnig í vanda með orðaforða námsefnisins. Miðað við að fjöldi nemenda í Grandaskóla sé 357 (miðað við nemendatölur 1. október 2019) og að 30 nemendur komu út á rauðu má gera ráð fyrir að rúmlega 8% nemenda í skólanum séu í verulegum vanda með orðaforða þess námsefnis sem þeir vinna með inn í bekk. Sé miðað við nemendur sem komu út á rauðu og gulu eru það 43 nemendur (12%) sem eru í vanda með orðaforða námsefnis sem þeir vinna með. Hópur nemenda af erlendum uppruna er ekki stór í Grandaskóla, samkvæmt úthlutunartölum haustið 2019 en hópurinn er afar ólíkur innbyrðis og þarfir nemenda m.t.t. íslenskukennslu ólíkar, allt frá því að alast upp á fjöltungdu heimili þar sem annað foreldrið talar íslensku yfir í að vera nýflutt til landsins og að læra nýtt tungumál.

TALNALKILL


Niðurstöður úr stærðfræðiskimun haustið 2018 í Grandaskóla (niðurstöður Talnalykils 2019 hafa ekki verið birtar). Í 3. bekk í Grandaskóla kláruðu 66 nemendur af 67 í árganginum stærðfræðiskimunina. Flestir, eða 65% nemenda, fóru bara í gegnum þrep I. Í gegnum fyrstu tvö þrepin fóru 24% nemenda og í gegnum öll þrjú þrepin fóru 11% nemenda. Í töflu 1 má sjá meðaltal Grandaskóla í öllum prófþáttum, samanborin við Reykjavík í heild.



Mynd 14: Meðaltöl í Grandaskóla borin saman við árangur skólans í skimuninum 2016-2017.

Eftir að heildartala hefur verið reiknuð fyrir nemendur sem fóru í gegnum öll þrjú þrepin, sem var 11% hópsins í Grandaskóla, er hægt að sjá hvaða nemendur þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði. Miðað við heildartölu þurfa 5% nemenda sem þreyttu skimunina í 3. bekk í Grandaskóla líklega á sérstökum stuðningi að halda.

Á mynd 15 má sjá hlutföll nemenda í Grandaskóla eftir því í hversu mörg þrep þeir þurftu að fara og hvort þeir þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Niðurstaðan er einnig borin saman við hlutföllin í Reykjavík í heild sinni sem og hlutföllin í Grandaskóla árið 2017.



Mynd 15: Meðaltöl í Grandaskóla borin saman við árangur skólans í skimuninum 2016-2017.

SKÓLAPÚLSINN, NEMENDAKÖNNUN.

Grandaskóli tók ekki þátt í viðhorfskönnun nemenda í Skólápúlsi í 1.-5. bekk árið 2018-2019 en tók þátt í viðhorfskönnun nemenda í 6.-7. bekk árið 2019. Þar sýndu niðurstöður fjóra þætti sem víkja marktækt frá niðurstöðum landsins og voru hærrí í Grandaskóla en öðrum skólum. Þættirnir voru *vellíðan nemenda, samband nemenda við kennara, agi í tímum og tíðni leiðsagnarmats*. Einn þáttur mældist marktækt lægri í Grandaskóla en það var *tíðni eineltis* og mikilvægt er að það sé skoða frekar m.a. út frá niðurstöðum Olweusarkönnunar. Auk þess var ein aukaspurningin sem kom út á rauðu „oftast góður, eða frekar góður matur“.

Tafla 4: Niðurstöður Skólápúlsins fyrir 6.-7. bekk 2019.

Grandaskóli - Skólápúslinn			
Grænn reitur táknar að niðurstaða skólans á matsþættinum vikur marktækt frá niðurstöðu landsins, sveitarfélaginu í hag. Rauður reitur táknar að niðurstaða skólans á matsþættinum vikur marktækt frá niðurstöðu landsins, landinu í hag.			
Nemendakönnun 6.-7. bekkur 2019-2020			
Virgni nemenda í skólanum			
Matsþáttur	Grandaskóli	Reykjavík	Landið
1.1. Ánægja af lestri	5,2	4,9	4,8
1.2. Þrautseigja í námi	5,3	4,9	4,9
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,4	5	5,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,4	4,9	4,9
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,2	5	4,9
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,9	4,8	4,8
2. Líðan og heilsa			
2.1. Sjálfsálit	4,9	4,6	4,6
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,8	4,7	4,6
2.3. Vellíðan	5,3	4,9	4,7
2.4. Einelti	5,3	5,2	5,3
2.5. Tíðni eineltis	26,20%	11,70%	12,50%
2.7. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	42,90%	43,60%	47,60%

2.8. Hollt mataræði	5,1	4,7	4,7
3. Skóla- og bekkjarandi			
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,5	5,1	5
3.2. Samband nemenda við kennara	5,5	4,9	5
3.3. Agi í tímum	6	4,9	4,9
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,5	5,1	5
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,9	5	5
5. Aukaspurning(ar)			
4.1. Mötuneytið - Í áskrift	78,60%	79,50%	79,50%
4.2. Oftast góður, eða frekar góður matur	11,40%	48,70%	48,70%

FYLGISKJAL 5: REKSTRARNIÐURSTAÐA GRANDASKÓLA 2015-2018.

Rekstrarniðurstaða Grandaskóla	
2015	1,1 m.kr afgangur
2016	1,8 m.kr afgangur
2017	0,2 m.kr halli
2018	2 m.kr halli

Flokkur	Fjárhæð 2018	Áætlun 2018	Fjárhæð 2017	Áætlun 2017	Fjárhæð 2016	Áætlun 2016	Fjárhæð 2015	Áætlun 2015
Annar rekstrarkostnaður	15.995.113	11.176.042	21.038.438	18.807.730	18.309.620	18.094.726	19.024.839	18.271.761
Laun og launatengd gjöld	407.887.373	398.692.220	360.653.911	362.146.063	294.189.159	299.041.370	274.194.047	278.259.723
Tekjur	-41.121.979	-28.026.536	-31.543.014	-26.375.901	-27.110.858	-21.377.377	-21.269.408	-17.343.487
Innri leiga- hús og búnaðar	157.196.461	157.578.840	125.487.322	126.349.671	121.851.445	123.102.797	119.531.985	122.012.449
Heildarsumma	539.956.968	539.420.565	475.636.657	480.927.563	407.239.366	418.861.515	391.481.463	401.200.446

Helstu frávík

Árin 2015 og 2016 var afgangur af rekstrinum, árið 2017 var hann á sléttu og árið 2018 var reksturinn kominn röngu megin við núllið (<0,4% af áætlun

Árið 2015

Háar tekjur auk lágs launakostnaðar nær að vinna upp aðra yfirkeyslu og skila afgangi.

Árið 2016

Háar tekjur auk lágs launakostnaðar nær að vinna upp aðra yfirkeyslu og skila afgangi.

Árið 2017

Árið er á sléttu.

Árið 2018

Halla ársins má að mestu rekja til yfirkeyslu öðrum rekstrarkostnaði.

Haukur Viðar Alfreðsson

Fjármála- og rekstrarþjónusta, skóla- og frístundasvið